

Nöfn fellibylja

Síðan fellibyljir og hitabeltisstormar voru fyrst skráðir árið 1851 hefur það aðeins gerst einu sinni að 21 slíkt ofviðri hafi geislað á svæðinu á einu ári. Það var árið 1933, áður en fellibyljum voru gefin nöfn með skipulegum hætti.

Ef fellibylur veldur miklu tjóni er nafn hans ekki notað aftur. Þegar slíkt gerist er nýtt nafn sett í sérstakan gagnagrunn fyrir nöfn á fellibyljum og hitabeltisstormum yfir Atlantshafi, að sögn Marks Olivers hjá alþjóðlegu veðurfræðistofnuninni í Genf. „Nöfnin þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði,“ segir Oliver. „Það þarf að vera auðvelt að muna þau og þau verða að vera í stafrófsröð.“ Veðurstofur landanna í þessum heimshluta leggja nöfnin til og þær þurfa að gæta þess að kyn byljanna breytist, þannig að karlkynsnafn fylgi kvennafni.



Sex nafnalistar

Nú eru til sex nafnalistar, hver með 21 nafni. Hver listi er notaður á sex ára fresti. Á þeim eru ekki nöfn sem byrja á stöfunum q, u, x, y og z þar sem mannanöfnin með þá upphafsstafi eru of fá.

| 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|----------|----------|----------|-----------|-----------|-----------|
| Alex | Arlene | Alberto | Andrea | Arthur | Ana |
| Bonnie | Bret | Beryl | Barry | Bertha | Bill |
| Colin | Cindy | Chris | Chantal | Cristobal | Claudette |
| Danielle | Don | Debby | Dorian | Dolly | Danny |
| Earl | Emily | Ernesto | Erin | Edouard | Erika |
| Fiona | Franklin | Florence | Fernand | Fay | Fred |
| Gaston | Gert | Gordon | Gabrielle | Gonzalo | Grace |
| Hermine | Harvey | Helene | Humberto | Hanna | Henri |
| Igor | Irene | Isaac | Ingrid | Isaias | Ida |
| Julia | Jose | Joyce | Jerry | Josephine | Joaquin |
| Karl | Katia | Kirk | Karen | Kyle | Kate |
| Lisa | Lee | Leslie | Lorenzo | Laura | Larry |
| Matthew | Maria | Michael | Melissa | Marco | Mindy |
| Nicole | Nate | Nadine | Nestor | Nana | Nicholas |
| Otto | Ophelia | Oscar | Olga | Omar | Odette |
| Paula | Philippe | Patty | Pablo | Paulette | Peter |
| Richard | Rina | Rafael | Rebekah | Rene | Rose |
| Shary | Sean | Sandy | Sebastien | Sally | Sam |
| Tomas | Tammy | Tony | Tanya | Teddy | Teresa |
| Virginie | Vince | Valerie | Van | Vicky | Victor |
| Walter | Whitney | William | Wendy | Wilfred | Wanda |

Fellibyljum má skipta í fimm flokka eftir styrkleika:

Þrýstingur í auga

1. Yfir 980 mb
2. 965–979 mb
3. 945–964 mb
4. 920–944 mb
5. Undir 920 mb

Vindhraði

1. 74–95 hnútar
2. 96–110 hnútar
3. 111–130 hnútar
4. 131–155 hnútar
5. Yfir 155 hnútar

Flóðbylgja

1. Undir 1,5 m
2. 1,5–2,5 m
3. 2,5–3,5 m
4. 3,5–5,5 m
5. Yfir 5,5 m

Tjón

1. Ltið
2. Allmikið
3. Mikið
4. Mjög mikið
5. Fádæma mikið

